# Söknuður

## (Hið hugblíða sumar)

*Freysteinn Gunnarsson* *Ísólfur Pálsson*




SÖKNUÐUR

Hið hugblíða sumar með hverfula kynning,
það hvarf svo fljótt.
Og haustið er komið með klökknandi minning
:,:og kalda nótt.:,:

Í sumar við undum á sólbjörtum reitum
við söngva hljóm.
Nú dimmir á heiðum og daprast í sveitum
:,:og deyja blóm.:,:

Þú komst eftir sumarsins glóandi glitveg
með geislaflóð.
Þú kvaddir mig áðan og einmana sit ég
:,:á eyðislóð.:,:

Handrit

- Óbreytt: Band 1-78, A02
- Frávik: I (sama lag með heitinu "Kveldfró"): ÍP texti nr. 11
- Frávik: II (sama lag með heitinu "Hvarfið"-Ég hefi þín, vinur..)
- Fjóla 34